



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Niðurstöður samkeppni um listaverk í almenningsrými í Vogabyggð

Niðurstöður dómnefndar í samkeppni um listaverk í almenningsrými í Vogabyggð voru kynntar við formlega athöfn á Kjarvalsstöðum þ. 29. janúar sl. Bar tillaga þýska listamannsins Karin Sander, Pálmatré, sigur úr bítum. Að auki lagði dómnefnd til kaup á verki eftir danska listhópin A Kassen, sem ber heitið Endless lamppost. Hjálagt er undirritað álit dómnefndar.

Virðingarfyllst

Huld Ingimarsdóttir
staðgengill sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samkeppni um listaverk í almenningsrými í Vogabyggð - dómnefndarálit 2019

**SAMKEPPNI UM LISTAVERKÍ
ALMENNINGSRÝMI Í VOGABYGGÐ**

**DÓMNEFDARÁLIT
2019**



INNGANGUR

Reykjavíkurborg efndi í apríl s.l. til samkeppni meðal myndlistarmanna um nýtt útilistaverk til útfærslu í almenningsskými í Vogabyggð. Í deiliskipulagi Vogabyggðar kemur fram að listaverk skuli vera hluti af heildarhönnun almenningsskýma í hverfinu. Það er í samræmi við stefnu borgaryfirvalda og hluti af samningsmarkmiðum við núverandi lóðahafa á svæðinu.

Samkeppnin var haldin samkvæmt samkeppnisreglum Sambands Íslenskra myndlistarmanna (SÍM) – lokuð samkeppni með opnu forvali. 165 myndlistamenn lýstu yfir áhuga á þátttöku í samkeppninni, en forvalsnefnd valdi úr innsendum umsóknum átta listamenn eða hópa til að taka þátt í lokuðum hluta samkeppninnar. Samkeppnin var auglýst alþjóðlega og bárust 70% umsókna í forvalshluta frá listamönnum búsettum erlendis.

Þeir listamenn sem valdir voru til þátttöku í samkeppninni voru listamannahópurinn A Kassen, Alicja Kwade, Carl Boutard, Elín Hansdóttir, Finnbogi Pétursson, Karin Sander, Rósa Gísladóttir og Tomás Saraceno. Þessum listamönnum var falið að skila inn einni til tveimur tillögum hver, en jafnframt var heimilt er að skila tveimur útgáfum af sömu tillögu. Alls bárust þrettán gildar tillögur.

Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón með listaverkum í Reykjavík og stendur að baki samkeppninni auk þess að vera tengiliður við hönnuði, svið og deildir Reykjavíkurborgar.

ÁHERSLUR DÓMNEFNDAR

Verkefni dómnefndar var að meta þær tillögur sem bárust með tilliti til listrænna gæða og hversu vel þær féllu að markmiðum deiliskipulags Vogabyggðar um að myndlist verði veigamikill og afgerandi hluti umhverfis og mannlífs í hverfinu. Í samræmi við samkeppnisreglur Sambands Íslenskra myndlistarmanna (SÍM) voru allar tillögur metnar nafnlaust.

Í keppnislýsingu er áherslum dómnefndar lýst með eftirfarandi hætti:

„Við endanlegt val á listaverki/listaverkum verður haft að leiðarljósi að styrkja þau markmið deiliskipulags Vogabyggðar að myndlist verði veigamikill og afgerandi hluti umhverfis og mannlífs í hverfinu. Sérstök áhersla er lögð á listaverk á svæðum sem eru skilgreind sem almenn leik- og dvalarsvæði, þ.e. þemavellir og andrými (merkt þemavellir Þ1, Þ2, Þ3 og andrými A1, A2, A3, A4, A5 á korti Vogabyggð - Skýringamynd). Haft skal að leiðarljósi að skapa örvandi umhverfi fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa.“

Dómnefnd var falið að veita eina tillögu eða fleiri að heildarupphæð 140 milljón kr.

VALNEFNDIR

Forvalsnefnd:

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, formaður forvalsnefndar
skipuð af Listasafni Reykjavíkur

Elsa Yeoman, formaður Menningar- og ferðamálaráðs
skipuð af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar

Elisabet Brynhildardóttir, myndlistarmaður
tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM)

Dómnefnd:

Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi, formaður dómnefndar
skipaður af umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar

Signý Pálsdóttir, fv. skrifstofustjóri menningarmála
skipuð af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar

Ólöf Nordal, myndlistarmaður
tilnefnd af innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur

Baldur Geir Bragason, myndlistarmaður
tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM)

Ragnhildur Stefánsdóttir, myndlistarmaður
tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM)

Trúnaðarmaður:

Ingunn Fjólá Ingpórsdóttir, myndlistarmaður
tilnefnd af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM)

Sérstakir ráðgjafar dómnefndar:

Sigríður Magnúsdóttir, arkitekt Teiknistofan Tröð
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar
Þór Gunnarsson, verkefnastjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
Ingólfur Guðnason, brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu hjá Lbhi

UMSÖGN DÓMNEFNDAR

Vinningstillaga – Pálmatré, auðkennisnúmer 815

Það er samhljóma niðurstaða dómnefndarinnar að velja **Pálmatré** sem vinningstillögu í samkeppni um nýtt útilistaverk í Vogabyggð. Tillagan er óvænt, skemmtileg og djörf. Pálmatríjám er komið fyrir í tveimur sívölum, turnlaga gróðurhúsum sem sett eru niður við Jaðar miðlægs torgs við bakka Ketilbjarnarsíkis. Frá þeim stafar hlýja og ljós. Pálmatré bera með sér andblæ suðrænna landa, eins og höfundur tillögunnar bendir á. Þau eru tákn heitra og framandi staða og menningar og fela um leið í sér minni um útöpu þar sem paradísarástand ríkir. Hér skjóta þau rótum í köldu og hrjóstrugu landi – rétt eins og fólk frá framandi slóðum sem hefur sest hér að. Gróðurhúsin gefa torginu og öllu umhverfinu ævintýralegan blæ, að nóttu sem degi, og verða áberandi kennileiti sem á eftir að vekja athygli. Í þeim má líka lesa tíma því íbúarnir geta fylgst með trjánum vaxa frá því að vera lítil og þar til þau verða stór og bera ávexti. Það mætti jafnvel líta á gróðurhúsin sem stór tilraunaglós. Verkið skapar örvandi umhverfi fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa. Það virkjar rýmið án þess að taka yfir torgið og gefur því mannlífínu pláss fyrir ýmis konar leik og störf. Þama verður vafalaust til skemmtilegt mannlífstorg sem tengist hjóla- og göngustígum í þessu nýja borgarhverfi og göngubrú sem liggur yfir síkið að tanga í Elliðaárdósum sem kallast nú Fleyvangur. Á tanganum verður grunn- og leikskóli og hverfisgarður. Sjá má fyrir sér að gönguleið skólabarnanna framhjá pálmatríjánunum yfir á tangann og heim aftur verði gefandi og skemmtileg. Hugmyndin að tillögunni er einföld en djörf og frumleg og útfærslan sterk og sannfærandi. Í stað þess að líkja eftir nálægri náttúru kallast verkið á við náttúruna úr annarri átt. Tillagan gerir ráð fyrir að hægt verði að skipta pálmatríjánunum út fyrir önnur tré, til að mynda japönsk kirsuberjatré, eftir 10 til 15 ár óski íbúarnir þess. Það er kostur að íbúarnir öðlist þannig beina hlutdeild í þróun verksins.

Innkaupstillaga - Endless Lamppost, auðkennisnúmer 816

Dómnefnd leggur til að Reykjavíkurborg festi jafnframt kaup á verkinu **Endless Lamppost**. Endless Lamppost er skemmtileg tillaga þar sem lagt er til að einn 30 metra ljósastaur komi í stað venjulegs staura við einhverja götuna eða torgið. Verkið er óður til verka Constantín Brancusi *Endless Column* og vísar því í listasöguna um leið og tillagan vekur upp spurningar um af hverju borgin lítur út eins og hún gerir. Með einföldu inngripi leiðir tillagan hugann að þeim hlutum sem byggja borgarmyndina sem við veitum sjaldan athygli. Hún er húnórísk og bætir ljóðrænni vídd í hversdaginn í þessu nýja hverfi. Við vissar aðstæður getur ljósið á þessum háa staur verið eins og stjarna yfir byggðinni.

VINNINGSTILLAGA: Pálmatré, auðkennisnúmer 815

INNAKAUPSTILLAGA: Endless Lamppost, auðkennisnúmer 816

Hjalmar Sveinsson

Hjalmar Sveinsson, borgarfulltrúi, formaður dómnéfundar skipaður af umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar

Ólöf Nordal

Ólöf Nordal, myndlistarmaður tilnefnd af innkaupanefnd Listasafns Reykjavíkur

Ragnhildur Stefánsdóttir

Ragnhildur Stefánsdóttir, myndlistarmaður tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM)

Baldur Geir Bragason

Baldur Geir Bragason, myndlistarmaður tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM)